

Tillögur að breytingu á vísu til skoðunar á ársfundi 2016

Verklagsregla um breytingar á vísu í Sjálfbærni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar gerir ráð fyrir að slíkar breytingar séu lagðar fyrir ársfund.

Breytingar:

Vísir 1.3 Öryggi starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Í vöktunaráætlun nú	Tillaga að breytingu
b. Fjöldi skráðra tapaðra vinnustunda vegna tilkynnta vinnuslysa hjá Landsvirkjun, Fjarðaáli og verktökum	b. Tíðni vinnuslysa gefin upp sem H-tala (H200) þ.e. fjöldi fjarveruslysa á hverjar 200.000 vinnustundir.

Rökstuðningur: Það er óraunhæft að mæla fjölda vinnustunda sem tapast vegna vinnuslysa. H-tala er hins vegar vel þekktur mælikvarði á tíðni vinnuslysa og gefur kost á samanburði við önnur fyrirtæki og svæði.

Vísir 3.1 Ferðaþjónusta

Í vöktunaráætlun nú	Tillaga að breytingu
b. Fjöldi gistinguáttanna á hótélum/gistiheimilum á ári á Austurlandi	b. Fjöldi gistinguáttanna, framboð og nýting gistirýmis á hótélum / gistiheimilum á ári á Austurlandi
c. Fjöldi farþega í flugi til og frá Egilsstöðum	c. Fjöldi farþega og sætanýting í flugi til og frá Egilsstöðum

Rökstuðningur: Markmið breytinganna er að vísarnir mæli stofnstærðir frekar en flæðistærðir eingöngu. Á ársfundi verkefnisins 2015 ræddi Jón Skafti Gestsson um mikilvægi þessa og niðurstöður hópstarfs á fundinum voru að gera ætti þessar breytingar.

Vísir 3.2 Útflutningur Fjarðaáls

Í vöktunaráætlun nú	Tillaga að breytingu
Hvað er mælt ?	Hvað er mælt?
Nettó útflutningur Fjarðaáls sem hlutfall af árlegum útflutningi frá Íslandi (krónur á ári).	Heildarútflutningur Fjarðaáls sem hlutfall af heildarútflutningi frá Íslandi.

Rökstuðningur: Ágústa Björnsdóttir sérfræðingur hjá Alcoa Fjarðaál talaði fyrir þessari breytingu á ársfundi verkefnisins 2015. Hugtakið nettó útflutningur er hvergi skilgreint en það næsta sem hægt er að nálgast þetta og skilja hugtakið er að um sé að ræða viðskipti Fjarðaáls við innlenda aðila. Með því að deila þessari tölu upp í heildarvöruútflutning á Íslandi eru bornar saman ólíkar tölur. Í hópavinnu á ársfundi 2015 var tillagan rædd og niðurstaðan að vísa henni til stýrihóps sem ákvað að leggja hana fyrir ársfund.

Vísir 3.5 Fjárhagsstaða sveitarfélaga

Í vöktunaráætlun nú	Tillaga að breytingu
<p>Hvað er mælt ?</p> <p>a. Breytingar á útsvarstekjum í völdum sveitarfélögum.</p> <p>b. Hlutfall tekna og gjalda sveitarfélaga (að meðtöldum fjármagnsliðum).</p>	<p>Hvað er mælt ?</p> <p>a. Breytingar á útsvarstekjum í völdum sveitarfélögum.</p> <p>b. Hlutfall tekna og gjalda sveitarfélaga (að meðtöldum fjármagnsliðum).</p> <p>c. Framlegð sveitarfélaga á Austurlandi</p> <p>d. Skuldastaða sveitarfélaga á Austurlandi</p>

Rökstuðningur: Vísirinn var ræddur í hópavinnu á ársfundi 2015 og var niðurstaða hópsins að halda vísinum inni en bæta við framlegð og skuldastöðu sveitarfélaga.